



ÞINGGERÐ AUKAÞINGS BYGGÐASAMLAGS VESTFJARÐA UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

Haldið í Félagsheimilinu á Hólmavík, 4. Nóvember 2015

*Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, Árnagötu 2-4,
400 Ísafirði. Kt 681210-0320
Sími 450 3007. Netfang verkefnastjóri@bsvest.is.
Heimasíða http://www.vestfirdir.is/malefni_fatlads_folks/*

Pinggerð aukabings Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.
Haldið 4. nóvember 2015, Félagsheimilinu á Hólmavík.

Pinggerð aukabings Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest), haldið í Félagsheimilinu Hólmavík, miðvikudaginn 4. nóvember 2015, kl 13.00.

Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður BsVest setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna til þingsins. Til þingsins er boðað á grundvelli samþykktar 60. Fjórðungsþings Vestfirðinga um að boða skuli til aukabings. Málefni þingsins verði breytingar á samþykktum og afgreiðsla fjárhagsáætlana. Boðað var til þingsins með dagskrá þann 28. október s.l. og efni breytinga á samþykktum BsVest var send aðildarsveitarfélögum með tölvupósti þann 19. október s.l..

Friðbjörg gerði tillögu um að þingforseti verði Andrea Jónsdóttir, sveitarstjóri Strandabyggð en starfsmönnum BsVest, Sif Huld Albertsdóttur og Aðalsteini Óskarssyni verði falið að rita þinggerð. Tillagan samþykkt

Andrea Jónsdóttir þakkaði traustið og tók við stjórn þingsins og gengið var til dagskrár.

Kosning sameiginlegrar kjörnefndar og kjörbréfanefndar. Tillaga kom fram um að Pétur G Markan verði formaður nefndarinnar og óskað var eftir tilnefningum fjögurra annarra nefndarmanna, fram komu tilnefningar um Örnú Láru Jónsdóttur, Finn Ólafsson, Karl Kristjánsson og Ingibjörgu Benediktsdóttur. Þingforseti bar upp tillögu um þessa fimm nefndarmenn, tillagan samþykkt.

Kosning nefnda þingsins. Framkvæmdastjóri Aðalsteinn Óskarsson, kynnti tillögu um að þingið starfaði í einni nefnd í stað þriggja fagnefnda, allsherjarnefndar, fjármálanefndar og fjórðungsmálanefndar. Þingforseti bar tillöguna upp og var hún samþykkt einróma.

Mál lögð fram af stjórn BsVest, fyrri umræða.

Þingforseti gaf Friðbjörgu Matthíasdóttur orðið. Friðbjörg kynnti efni breytinga á samþykktum BsVest samkvæmt **þingskjali 3** og óskaði eftir að efni þingskjalsins yrði vísað til nefndar. Þingforseti bar upp tillögu Friðbjargar, tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti gaf Pétri G Markan orðið. Pétur lagði fram tillögu stjórnar samkvæmt **þingskjali 4** eða sem hér segir;

„Stjórn byggðasamlagsins leggur til að fengnir verði utanaðkomandi rekstrarráðgjafar til að vinna niðurskurðar- og hagræðingartillögur fyrir Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. Nauðsynlegt er að slík úttekt myndi draga fram hagræðingarmöguleika og niðurskurðartillögur úr rekstrinum, miðað við það framlag sem ætlað er til rekstursins í dag. Gert er ráð fyrir að slík úttektarvinna fari fram í samvinnu við sveitarfélögin í tengslum við yfirstandandi fjárhagsáætlanagerð.“

Pétur kynnti efni tillögu stjórnar og lagði áherslu á setja yrði fram afgerandi tillögur um rekstur BsVest sem sýndu fram á erfiða stöðu málaflokksins og ábyrgð ríkisins í þeim efnunum. Pétur óskaði eftir að tillögunni verði vísað til nefndar, þingforseti bar upp tillögu Péturs, tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti gaf Pétri G Markan orðið. Pétur lagði fram tillögu stjórnar samkvæmt **þingskjali 5** eða sem hér segir;

Þinggerð aukabings Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.
Haldið 4. nóvember 2015, Félagsheimilinu á Hólmavík.

„Aukabing Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldið 4. nóv. Í félagsheimilinu á Hólmavík, veitir stjórn BsVest heimild til að ganga frá samningi vegna aðgerðaráætlunar samkvæmt meðfylgjandi trúnaðarskjali.“

Pétur kynnti efni tillögunnar sem er aðgerðaráætlun um kynningu á stöðu málaflokksins og vísaði til trúnaðarskjals sem sent hefði verið sveitarfélögunum fyrir þingið. Pétur óskaði eftir að tillögunni verði vísað til nefndar, þingforseti bar upp tillögu Péturs, tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti óskaði eftir fleiri málum stjórnar, engin önnur mál komu fram.

Þingforseti óskaði eftir málum þingfulltrúa. Engin þingfulltrúi kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti gaf Aðalsteini Óskarssyni, framkvæmdastjóra orðið til að fjalla um endurskoðaða fjárhagsáætlun 2015 og fjárhagsáætlun 2016.

Aðalsteinn lagði fram **þingskjal 6**, þar sem kynnt er endurskoðuð fjárhagsáætlun BsVest 2015 og fjárhagsáætlun BsVest 2016 auk niðurstöðu ársreiknings 2014.

Aðalsteinn kynnti að í endurskoðaðri áætlun 2015 miðuðust tekjur við framlög Jöfnunarsjóðs við áætlun sjóðsins frá maí s.l. auk fréttar á heimasíðu sjóðsins frá 28. október s.l. um viðbótarframlög ársins 2015. Framlög sveitarfélaga miðuðust við útsvarstofn samkvæmt fjárhagsáætlununum þeirra. Samtals tekjur (framlög) 323,3 mkr. Kostnaður félagsþjónustusvæða miðaðist við samantekt á kostnaðartölum fyrir 10 mánuði ársins og framreikning næstu tveggja mánaða. Áætlun um rekstur skrifstofu BsVest byggir á sama grundvelli. Samtals gjöld 409,8 mkr og rekstarniðurstaða neikvæð um 86,4 mkr, vakin er einnig athygli á greiðsluskuldbindingu frá árinu 2014 við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að fjárhæð 29,2 mkr. Aðalsteinn óskaði eftir að vísa endurskoðaðri áætlun til nefndar.

Þingforseti gaf Aðalsteini orðið til að fjalla um fjárhagsáætlun 2016.

Aðalsteinn kynnti að í fjárhagsáætlun 2016 miðuðust tekjur við framlög Jöfnunarsjóðs við áætlun sjóðsins frá maí s.l. en ekki yrði tekið tillit til viðbótarframlags þar sem forsendur fyrir því lögju ekki fyrir. Framlög sveitarfélaga miðuðust við útsvarstofn 2015 samkvæmt fjárhagsáætlununum fyrir árið 2015. Samtals tekjur (framlög) 283,2 mkr. Kostnaður félagsþjónustusvæða miðaðist frumdrög að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar og tillögum annarra félagsþjónustusvæða við fyrstu umræðu. Áætlun um rekstur skrifstofu BsVest byggir á framreiknuðum kostnaði frá árinu 2015 og áætlun um þróun launa, auk þess sem framlag til Vesturafli falli niður. Samtals gjöld 414,4 mkr og rekstarniðurstaða neikvæð um 131,2 mkr. Aðalsteinn óskaði eftir að vísa áætlun 2016 til nefndar.

Þingforseti gaf orðið laust um fjárhagsáætlanir BsVest.

Jenný Jensdóttir, spurði um hvort þjónusta við íbúa í Kaldrananeshreppir væri samkvæmt lögum og reglugerðum.

Sif Huld Albertsdóttir, svarar henni um að þjónustan byggir á tillögum þjónustuhóps BsVest og væri reynt að uppfylla þau lög og reglugerðir eftir því sem aðstæður leyfðu.

Pinggerð aukabings Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Haldið 4. nóvember 2015, Félagsheimilinu á Hólmavík.

Elías Jónatansson, spurði hvaða heimildir þingið hefði til að samþykkja fjárhagsáætlun 2016, fjárhagsáætlun með halla og hér miklum halla, slíkt væri ekki heimilt í fjárhagsáætlun sveitarfélaga. Í annan stað hversvegna ekki væri gert ráð fyrir viðbótarframlag árið 2016 ef það hafi komið 2014 og 2015.

Aðalsteinn, svaraði og vísaði til umræðu á 60. Fjórðungsþingi um að skýrt yrði nánar hver væri halli á málaflokknum og taka yrði á þeirri stöðu nú við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaganna. Varðandi viðbótarframlag, þá byggir það á reglugerð Jöfnunarsjóðs ár hvert og henni hefði verið breytt ítrekað á milli ára. Vonandi kæmi hagstæðari niðurstaða við endurskoðun málaflokksins nú á næstu dögum og önnur mynd af rekstri BsVest myndi þá birtast.

Þórir Sveinsson: Benti á tvö atriði, annars vegar væri rétt að uppfæra tekjur 2016, miðað við áætlaða hækkun útsvars á grunni launaþróunar t.d. 7-8 % í tekjum aukalega. Hinsvegar verði að reikna fjármagnsgjöld á grundvelli rekstartaps sem yrði að mæta svo sem með lántöku frá aðildarsveitarfélögum eða í banka.

Aðalsteinn: Þakkað ábendingarnar og vísaði ábendingum til vinnu í nefnd, en ítrekaði að forsendur fyrir tekjum lægju ekki fyrir en þetta væri birtingarmynd af stöðunni, jafnt fyrir sveitarfélögum eða ríki.

Arna Lára Jónsdóttir: Taldi að hér væri staðan mun ljósari en í áætlunum sem lagðar voru fyrir 60. Fjórðungsþing. Varðandi halla á rekstri þá lagði hún til að sett yrði í áætlunina hækkun á framlagi ríkisins sem næmi halla á rekstri. Hún tók síðan skýrt fram að hún muni gera að tillögu að setja framlag til Vesturafls inn að nýju og berjast fyrir þeirri tillögu. Hér sé verið að taka út alla þjónustu við geðfatlaða á Vestfjörðum.

Þingforseti tilkynnti að nú yrði gengið til næsta dagskrárliðar, ávörp gesta og gaf orðið til Einars Njálssonar, sérfræðings úr Velferðarráðuneyti.

Einar þakkaði boðið á þingið og skilaði kveðju frá Eyglóu Harðardóttur, félags og húsnaðismálaráðherra, sem sá sér ekki fært að þiggja boð á þingið vegna anna í starfi. Einar kynnti svar við erindi BsVest til ráðherra um að skila málaflokknum væri hafnað og eins væri ekki til umræðu að hefja blandað fyrirkomulag á rekstri ríkis og sveitarfélaga. Vinna hefði því miður dregist við endurmat á yfirfærslu málaflokksins sem væri grunnur að því að semja um fjárhagsramma málaflokksins og sértækum málum eins og hjá BsVest. Mikilvægt væri að málflokkurinn væri rekin á einu stjórnsýslustig og það sem komið væri fram í endurmati væri að yfirfærsla þjónustunnar hefði gengið vel. Einar fór síðan yfir fjárhagsforsendur málaflokksins og það eru vísbendingar um að staða þjónustusvæða er mismunandi og því þyrfti að bregðast við. Mikilvægt væri í því sambandi að rekstur þjónustusvæðanna væri með sem bestum hætti. Að öðrum leyti vísast til erindis *Endurmat á yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks í þingskjali nr 7.*

Næst tók til máls Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Róta bsog flutti erindið *Framkvæmd verkefna og skipulag starfsemi Róta bs.* Vísast til **þingskjals 8**

Þingforseti gaf orðið laust um ávörp gesta:

Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, beindi spurningum til Einar er vörðuðu atvinnumál fatlaðs fólks, þ.e. hvort samkomulag væri komið um framkvæmd málsins á milli sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar og hvort Vinnumálastofnun væri nægjanlega mönnuð til að taka þessu verkefni og benti á að Vinnumálastofnun væri ekki með starfsmenn á öllum þjónustusvæðum sveitarfélaganna.

Friðbjörg Matthíasdóttir: Þakkaði fyrir ávörpin sem ættu að gefa þingfulltrúum margt til að velta fyrir sér og hugsa um nú í störfum þingsins og eins þegar heim væri komið. Í erindi Grétu hefði margt komið fram sem BsVest gæti skoðað nú við breytingar á samþykktum en tillögur um breytingar á samþykktum væru ákveðið skref að færa verkefnið nær sveitarfélögunum. En það sem slíkt hefði vaxið mun meira en áætlanir gerðu ráð fyrir í upphafi. Í erindi Einars hefði komið fram óbreytt afstaða ráðuneytisins og væri þá fátt annað fyrir nýja stjórn að fara í miklar hagræðingar og niðurskurð á þjónustu.

Elías Jónatansson: Samningur milli ríkis og sveitarfélaga um málaflokkinn er í raun enn ókláraður, væri enn á tilraunarstigi. Verkkaupi (ríkið) verði að horfa til þess að forsendum við yfirtöku hafi breyst verulega þegar framkvæmd nýrra laga um málaflokkinn var sett í framkvæmd og verkkaupi þarf að taka tillit til þessa. Verktaki (sveitarfélögin) þurfa að fá nýja forskrift hvaða þjónustu á að veita og hvernig á að veita hana. Sveitarfélögum er uppálagt að veita ákveðna þjónustu í dreifðum byggðum sem er mun dýrari en áætlað var í upphafi og lítið er komið á mótis við það. Erindi Grétu Sjafnar hefði getað verið erindi um BsVest en samanlagt eru þessi tvö byggðasamlög með mestan halla á hvern íbúa í landinu. Í annan stað væri tölfraðileg samsetning þjónustuþega á Vestfjörðum langt yfir staðalfrávik og það yrði ríkið að viðurkenna. Hann sagði það ekki hægt að samþykkja fjárhagsáætlun, sem væri upp á von eða óvon að aðstæður breyttust. Að lokum sagði hann að stærð þjónustusvæðanna skipti ekki mál og halli af rekstri myndi að meginhluta standa óbreyttur þó þjónustusvæði BsVest yrði sameinað öðrum svæðum.

Einar Njálsson: Varðandi fyrirspurn um atvinnumál fatlaðra þá er gert er ráð fyrir að sveitarfélögin sjái um rekstur á þeim vinnustöðum sem þeir tóku við með yfirfærslunni og haldi þeim fjármunum hjá sér. Vinnumálastofnun tekur við öllum umsóknum um vinnumálaaðgerðir. Varðandi fyrirspurn um hvort Vinnumálastofnun ráði við verkefnið, þá gerir hún það ekki að óbreyttu, en með viljayfirlýsingu með samkomulaginu fylgir kostnaðargreining og gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir því að auka starfsmönnum um 10 á landsbyggðinni.

Einar sagði síðan að hann geri ekki lítið úr því að bregðast við rekstarvanda en tillaga sem liggur fyrir þinginu um rekstrarúttekt væri ábyrg að hálfu BsVest. Endurmat málaflokksins er leið til þess að verið er að gera viðbótarsamning um yfirfærsluna. Verkefnisstjórn hefur hinsvegar ekki tekist að ná samkomulagi með útsvarsþróentu til framtíðar, sú vinna þarf að fara beint fram milli Sambandsins og Fjármálaráðuneytisins. Þrýsta þarf á báða þessa aðila að ná fram samkomulagi. Fram hefur komið í viðræðum að hálfu Sambandsins að það vanti um 2 milljarða en ríkið hefur ekki viðurkennt þessa tölu. Því miður er ekki hægt að segja hvenær að það sé niðurstaða verði kominn í þetta mál. Að lokum benti Einar á með samningi sem byggði á útsvarsþróentu hefðu sveitarfélög fengið hærri framlög til málaflokksins, en ef samið hefði verið um framlög á fjárlögum og þau einungis fylgt verðlagsþróun. Þetta hefði

Pinggerð aukabings Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.
Haldið 4. nóvember 2015, Félagsheimilinu á Hólmavík.

gefið færi á að taka við nýjum verkefnum á grundvelli laga og reglugerða og fjárflæði inn í þennan málaflokk hafi því verið mun meira en inn í marga aðra málaflokka.

Pingforseti þakkaði Einari fyrir svör við fyrirspurnum. Hún tilkynnti að nú yrði tekið kaffihlé, eftir það hæfust nefndarstörf en þess er óskað að sameiginleg kjörnefnd og kjörbréfanefnd komi saman til fundar í kaffihléi.

Pingforseti setti þingið að nýju kl 15:45

Pingforseti gaf nú Aðalsteini Óskarssyni orðið en hann kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar. Þinginu bárust kjörbréf frá öllum sveitarfélögum ásamt umboðum og úrskurðar nefndin þau öll gild og er því mætt fyrir 9.014 atkvæði eða 100 % . Atkvæði skiptast þannig samkvæmt útreikningi á atkvæðavægi sveitarfélaga s.m.b. 4. gr. samþykka FV sem BsVest fylgir;

Árneshreppur – atkvæðavægi 162 (1,80%)

Eva Sigurbjörnsdóttir - Fer með öll atkvæði sveitarfélagsins

Bolungarvíkurkaupstaður – atkvæðavægi 1.384,5 (15,36%)

Elías Jónatansson 385,6 atkvæði

Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir 197,8 atkvæði

Guðrún Stella Gissurardóttir 197,8 atkvæði

Margrét Jómundsdóttir 197,8 atkvæði

Halldóra Dagný Sveinbjörnsdóttir 395,6 atkvæði

Ísafjarðarbær – atkvæðavægi 3.629 (4,026%)

Arna Lára Jónsdóttir, fer með öll atkvæði sveitarfélagsins

Kaldrananeshreppur – atkvæðavægi 336 (3,73%)

Finnur Ólafsson 67,3 atkvæði

Ingólfur Haraldsson (mætti ekki) 67,3 atkvæði gefur Finni Ólafssyni umboð

Guðbrandur Sverrisson (mætti ekki) 67,3 atkvæði gefur Finni Ólafssyni umboð

Jenný Jensdóttir 67,3 atkvæði

Magnús Ásbjörnsson (mætti ekki) 67,3 atkvæði gefur Finni Ólafssyni umboð

Reykholahreppur – atkvæðavægi 536 (5,95%)

Karl Kristjánsson, fer með öll atkvæði sveitarfélagsins

Strandabyggð – atkvæðavægi 946 (10,50%)

Haraldur V. A. Jónsson (mætti ekki) 189,2 atkvæði gefur Ingibjörgu Emilsdóttur umboð

Ásta Þórisdóttir (mætti ekki) 189,2 atkvæði gefur Ingibjörgu Emilsdóttur umboð

Ingibjörg Emilsdóttir 189,2 atkvæði

Ingibjörg Benediktsdóttir 189,2 atkvæði

Jón Gísli Jónsson (mætti ekki) 189,2 atkvæði gefur Ingibjörgu Emilsdóttur umboð

Súðavíkurhreppur – atkvæðavægi 408 (4,53%)

Pétur G. Markan – 81,6 atkvæði

Halldóra Pétursdóttir (mætti ekki) 81,6 atkvæði, gefur Pétri G Markan umboð

Guðbjörg Bergmundsdóttir (mætti ekki) 81,6 atkvæði, gefur Pétri G Markan umboð

Valgeir Scott (mætti ekki) 81,6 atkvæði, gefur Pétri G Markan umboð

Anna Lind Ragnarsdóttir (mætti ekki) 81,6 atkvæði, gefur Pétri G Markan umboð

Tálknafjarðarhreppur – atkvæðavægi 610 (6,77%)

Indriði Indriðason ferð með öll atkvæði sveitarfélagsins

Vesturbyggð – atkvæðavægi 1002 (11,12%)

Friðbjörg Matthíasdóttir 143,1 atkvæði

Ásgeir Sveinsson (mætti ekki) 143,1 atkvæði, gefur Friðbjörgu Matthíasdóttur umboð

Magnús Jónsson 143,1 atkvæði

Nanna Áslaug Jónsdóttir (mætti ekki) 143,1 atkvæði, gefur Friðbjörgu Matthíasdóttur umboð

Pinggerð aukabings Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.
Haldið 4. nóvember 2015, Félagsheimilinu á Hólmavík.

Halldór Traustason 203,43 atkvæði (mætti ekki) 143,1 atkvæði, gefur Friðbjörgu Matthíasdóttur umboð

Gísli Ægir Ágústsson (mætti ekki) 143,1 atkvæði, gefur Friðbjörgu Matthíasdóttur umboð
Ása Dóra Finnbogadóttir 143,1 atkvæði

Pingforseti gaf Friðbjörgu Matthíasdóttur orðið og kynnti hún **þingskjal 9 áður þingskjal 3**. Þingskjalið eru tillaga að samþykktum BsVest með lítisháttar breytingum eftir umræður í nefnd. Var þingskjalið lesið upp í heild sinni.

Pingforseti bar nú upp þingskjal 9 til atkvæðagreiðslu. Samþykkt einróma.

Pingforseti gaf nú orðið laust til umræðu um **þingskjal 10 áður þingskjal 4**. Þingskjalið er sem hér segir.

"Aukabing BsVest haldið 4. nóvember 2015 á Hólmavík samþykkir að beina því til velferðarráðherra að leggja til utanaðkomandi ráðgjafa, sem vinna á tillögur um hvernig BsVest geti starfað innan þess fjárhagsramma sem BsVest er sett af stjórnvöldum. Afar brýnt er að fá úrlausn mála sem fyrst, tillögugerðin þarf að fara fram í samvinnu við sveitarfélögin í tengslum við yfirstandandi fjárhagsáætlanagerð, enda fjárhagslegt heilbrigði sveitarfélaganna í húfi."

Til máls tóku Arna Lára Jónsdóttir og Friðbjörg Matthíasdóttir og gerðu þær grein fyrir breytingum á þingskjalinu.

Pingforseti bar nú upp þingskjal 9 til atkvæðagreiðslu. Samþykkt einróma.

Pingforseti gaf nú orðið laust til umræðu um **þingskjal 11 áður þingskjal 5**. Þingskjalið er sem hér segir.

„Aukabing Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldið 4. nóv. Í félagsheimilinu á Hólmavík, veitir stjórn BsVest heimild til að ganga frá samningi vegna aðgerðaráætlunar samkvæmt meðfylgjandi trúnaðarskjali.“

Enginn kvaddi sér hljóðs og þingforseti bar nú upp þingskjal 11 til atkvæðagreiðslu. Samþykkt einróma.

Pingforseti gaf orðið til Aðalsteins Óskarssonar sem gerði grein fyrir umræðu í nefnd er varðar **þingskjali 12 áður þingskjal 6**, þess hluta er varðar endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Tekjur verði 409,8 mkr og kemur þar inn nýr tekjuliður aukin framlög ríkisins / Jöfnunarsjóðs alls 86,5 mkr. Framlög til félagþjónustusvæða nemi 393,7 mkr og til stjórnunar BsVest nemi 16 mkr, samtals 409,8 mkr, rekstraniðurstaða 50 þkr. Greiðsluskuldbinding til Jöfnunarsjóðs haldist óbreytt þ.e. flyst til ársins 2015 frá árinu 2014 eða 29,1 mkr. Vísast að öðru leyti til þingskjalsins.

Pingforseti gaf nú orði laust um þingskjal 11 er varðar endurskoðaða fjárhagsáætlun 2015.

Til máls tóku Eva Sigurbjörnsdóttir, Finnur Ólafsson og Elías Jónatansson og áréttuðu að í afgreiðslu nefndarinnar er varðar nýjan tekjulið fylgdi bókun, sem hér segir „Endurskoðuð

Pinggerð aukabings Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Haldið 4. nóvember 2015, Félagsheimilinu á Hólmavík.

fjárhagáætlun fyrir árið 2015 er samþykkt með þeim fyrirvara að endurskoðun á málaflokki fatlaðs fólks muni skila fullnægjandi fjárframlögum í tekjuhlið áætlunarinnar til Byggðasamlagsins“.

Pingforseti bar tillögu um endurskoðaða fjárhagsáætlun 2015 samkvæmt þingskjali 11 ásamt bókun, upp til atkvæðagreiðslu. Samþykkt einróma.

Pingforseti gaf nú orðið laust um þingskjal 11 er varðar fjárhagsáætlun 2016.

Aðalsteinn Óskarsson gerði grein fyrir efni hennar og vísast til þingskjalsins. Í áætlunni er gert ráð fyrir hækkun tekna um 7 % frá árinu 2015 með vísan til áætlaðrar hækkunar launa og þar með útsvars. Framlag Jöfnunarsjóðs og sveitarfélaga næmu því samtals 305,8 mkr og nýr tekjuliður „aukaframlag ríkisins / Jöfnunarsjóðs“ 108,6 mkr, samtals nema tekjur 414,5 mkr. Áréttaði hann að með áætlunin fylgir eftirfarandi bókun. „Endurskoðuð fjárhagáætlun fyrir árið 2016 er samþykkt með þeim fyrirvara að endurskoðun á málaflokki fatlaðs fólks muni skila fullnægjandi fjárframlögum í tekjuhlið áætlunarinnar til BsVest“. Framlög til félagsþjónustusvæða næmu 403,5 mkr og til stjórnunar BsVest nemi 10,9 mkr, alls 414,4 mkr og því verði rekstraniðurstaða 60 þkr. Að öðru leyti vísast til þingskjalsins.

Pingforseti gaf nú orði laust um þingskjal 11 er varðar fjárhagsáætlun 2016.

Arna Lára Jónsdóttir; kynnti breytingartillögu við fjárhagsáætlun 2016, frá henni, Guðrúnu Stellu Gissurardóttir og Guðbjörgu Stefaníu Hafþórsdóttur. „Aukaframlag ríkisins / Jöfnunarsjóðs hækki um 5,8 mkr og nemi 114,4 mkr, heildartekjur nemi því 420,3 mkr. Önnur gjöld hækki, með því að taka inn að nýju framlag til Vesturafls eða sem nemi 5,8 mkr. Heildarútgjöld nemi því 420,2 mkr og rekstarniðurstaða óbreytt eða 60 þkr.“ Benti hún á að í skýrslu R3, hefði ekki verið gerð tillaga um að fella framlag Vesturafls niður og því bæri að halda því inn.

Pingforseti kynnti að nú yrði að opna umræðu um breytingartillögu Örnú Láru og fleiri.

Elías Jónatansson: Vill gera smá fyrirspurn til flytjanda tillöguna: hvað hyggjumst við gera ef fleiri sveitarfélög komi með samskonar beiðni um að fá framlag frá BsVest um að taka inn rekstarliði sem ekki væru lögbundnir. Hann benti á að hér væri ekki um að ræða lögbundna þjónustu gagnvart BsVest og ætti ekki heima inni hjá BsVest. Á sama hátt mætti koma með tillögu um að skrifa margvíslega þjónustu á BsVest sem sveitarfélögin hefðu áhuga á að framkvæma. Hinsvegar væri enginn að tala um að fella þessa þjónustu Vesturafls niður en það væri í höndum sveitarfélaga að ákveða um hana, ekki á vettvangi BsVest. Mikill halli væri nú þegar á rekstri BsVest og ekki stætt á því að gera tillögu um ólögbudna þjónustu og myndi rýra málflutning BsVest gagnvart ríkinu.

Friðbjörg Matthíasdóttir: Ítrekar tillögu stjórnar um að fella framlag BsVest niður á árinu 2016. Starfsemi BsVest sem er í eigu sveitarfélaga, beinist fyrst og fremst gagnvart lögbundinni þjónustu við fatlað fólk. Með BsVest er verið að sinna þeim brýnum málum er varða málaflokkinn og ef ekki er hægt að sýna fram á neina hagræðingu og sýnt fordæmi í rekstri BsVest þá erum við í erfiðri stöðu. Að óbreyttum framlögum ríkisins þá stefndi í að aðildarsveitarfélög BsVest yrðu að greiða niður rekstarhalla BsVest. Verðum að hafa skýrt hver eru verkefni og hver eru ekki verkefni BsVest.

Indriði Indriðason: Telur að breytingartillagan á sé á skjön við breytingar sem gerðar hafi nú verið á samþykktum BsVest með vísan til 3 gr.

„Aðildarsveitarfélögin fela byggðasamlaginu skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.“

Pingforseti, gerði stutt hlé en hélt dagskrá áfram á meðan skoðað yrði nánar með athugasemd Indriða.

Pétur G Markan: Skýring á því að ekki er tillaga í skýrslu R3 um að fella út framlag til Vesturafl er sú, að ekki er um lögbundið verkefni að ræða og verkefnið féll því ekki undir verkefnasvið skýrslu R3. Hann myndi fagna því ef tillaga þessa efnis komi á borð Súðavíkurrepps og myndi hann styðja málefnið þar. Rekstur BsVest væri erfiður og það yrði að taka á rekstrarþáttum ella missti samlagið trúverðugleika.

Arna Lára Jónsdóttir: Sveitarfélögin eru að veita margvíslega ólögbundna þjónustu þrátt fyrir að vera í erfiðum rekstri. Ekki er hægt að fella niður framlag til þjónustu Vesturafls á meðan hún er ekki tryggð á annan hátt. Gagnrýndi hún að tillagan hefði ekki komið fram fyrr þannig færi hefði gefist að ræða málið t.d. í sveitarstjórnnum. Taldi hún að hætta væri á að þjónustan félli alveg niður því ekki væri búið að afla stuðnings sveitarfélaganna að koma að henni á annan hátt, þó menn væru jákvæðir fyrir málinu.

Guðrún Stella Gissurardóttir: Breytingartillagan felur í sér ákveða að skera ekki niður þjónustu og það verði að láta reyna á fjármögnun þessara þjónustu gagnvart ríkinu. Taldi hún að ella verði að fara gegn hlutverki BsVest, en málefni geðfatlaðar falla undir lög um málefni fatlaðra og vísaði þar til heimasíðu velferðarráðuneytis. Það vantaði að hennar mati meiri upplýsingar um málið á þessum fundi og því er raunhæfara að láta reyna á að fá aukin framlög frá ríkinu. Yrðu framlög ekki aukinn þá væru raun öll starfsemi BsVest undir og því eigi ekki fyrirfram að taka einn þátt út fyrir. Það er einnig stuttur tími til áramóta til að bregðast við og mun þessi ákvörðun vera slæm fyrir starfsemi Vesturafls og forkastanlegt að taka ákvörðun nú, ef full vissa lægi ekki fyrir um hvar verkefnið eigi heima.

Pingforseti bar nú upp breytingartillögu undir atkvæði.

Tillagan hlaut stuðning 51,23 % atkvæða á þinginu, ekki var leitað mótatkvæða.

Indriði Indriðason, óskaði skýringar við atkvæðagreiðslu, eftir hvaða samþykktum væri verið að vinna eftir. Pingforseti benti á að boðað hefði verið til þingsins á grundvelli eldri samþykktu þar á meðal gildi vogtala sveitarfélaga við greiðslu atkvæða.

Pingforseti gaf nú orðið laust um tillögu að fjárhagáætlun 2016 samkvæmt þingskjali 11, með áorðnum breytingum og fyrirvara um aukin framlög frá ríki / Jöfnunarsjóði. Heildartekjur nemi því 420,3 mkr, heildarútgjöld 420,2 mkr og rekstarniðurstaða 60 þkr. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þinggerð aukabings Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.
Haldið 4. nóvember 2015, Félagsheimilinu á Hólmavík.

Þingforseti bar nú upp **Þingskjal 12** með áorðnum breytingum.
Samþykki gáfu 82,33 % atkvæða.

Þingforseti óskaði eftir þeim sem væru á móti eða sætu hjá við atkvæðagreiðslu.

Indriði Indriðason óskaði eftir að gera grein fyrir atkvæði sínu. Taldi hann undarlegt að koma með breytingartillögu sem væri á skjön við anda nýrra samþykkta sem ættu að stuðla að aukinni samstöðu. Einnig væri hann ekki sáttur við hvernig tekjuhlið væri sett saman, með vísan til aukaframlags ríkis / Jöfnunarsjóð, hér væru menn að vinna í þoku. Hann því greiddi atkvæði gegn tillögunni.

Mótatkvæði í heild voru 14,28% en 3,39 % sátu hjá.

Þingforseti gaf nú orðið til formanns kjörnefndar.

Pétur G Markan, kom og kynnti tillögu kjörnefndar **Þingskjal 13**.

Aðalmaður	Varamaður
Félagsþjónustan við Djúp; Elías Jónatansson, Bolungarvíkurkaupstað.	Félagsþjónustan við Djúp; Pétur G Markan, Súðavíkurhreppi
Félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar ; Gísli Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbæ	Félagsþjónusta Ísafjarðarbæjar; Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ
Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahreppi	Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps Andrea Jónsdóttir, Strandabyggð
Félagsþjónustan Vestur Barð. Indriði Indriðason, Tálknafjarðarhreppi	Félagsþjónustan Vestur Barð. Ásthildur Sturludóttir, Vesturbyggð
Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga Friðbjörg Matthíasdóttir	Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga Daníel Jakobsson

Tillagan byggir á nýjum samþykktum BsVest og bráðabrigðaákvæði um að kjör stjórnar fari fram á þessu aukabingi. Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð af fimm aðalfulltrúum og fimm til vara. Einn stjórnarmaður skal koma af hverju félagsþjónustuvæði og einn úr stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Kjörgengnir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru framkvæmdastjórar og kjörnir fulltrúar til sveitarstjórna í aðildarsveitarfélögum. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum og því er ekki gerð tillaga um formann.

Þingforseti óskaði eftir fleiri tillögum, engar tillögur komu fram og þingforseti bar upp tillögu kjörnefndar. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti tilkynnti að nú væri dagskrá tæmd að því undanskildu að fela formanni að slíta þinginu og að umbjóðendur sveitarfélaganna staðfestu nýjar samþykktir með undirritun sinn. Þingforseti þakkaði síðan þingfulltrúum og starfsmönnum fyrir þingið og gaf formanni orðið.

Þinggerð aukabings Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Haldið 4. nóvember 2015, Félagsheimilinu á Hólmavík.

Friðbjörg Matthíasdóttir, þakkaði fyrir gott þing og þingforseta og starfsmönnum þingsins. Þakkaði þingfulltrúum fyrir hreinskiptar umræður og óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið og þakkaði í leiðinni fyrir traust til hennar. Nú væri mikið verkefni fyrir höndum fyrir nýja stjórn til að sigla málefnum BsVest í höfn. Sagði hún síðan aukabingi 4. nóvember 2015 slitið kl 17.30.

Andrea Jónsdóttir, þingforseti

Aðalsteinn Óskarsson, ritari

Sif Huld Albertsdóttir, ritari